



Borgarráð

Skýrsla stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda

Lögð er fram til kynningar skýrsla stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda, ásamt umsögnum sviðsstjóra velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs.

Dagur B. Eggertsson


borgarstjóri

Hjálagt:

Skýrsla stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda, dags. ágúst 2023.

Umsögn sviðsstjóra velferðarsviðs til borgarráðs um skýrslu stýrihóps, dags. 2. október 2023.

Umsögn sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs til borgarráðs um skýrslu stýrihóps, dags. 2. október 2023.



Skýrsla stýrihóps um
fyrirkomulag þjónustu
við börn með
fjölpættan vanda.

Mennta- og barnamálaráðuneytið 2023



Í mars 2022 áttu félags- og vinnumarkaðsráðherra, heilbrigðisráðherra og mennta- og barnamálaráðherra samstarf um aðgerðir til að bæta aðgengi að þjónustu fyrir börn. Ráðherrarnir voru sammála um að til að markmið laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna gætu náð fram að ganga væri ljóst að tryggja þyrfti að börn hefðu aðgang að viðeigandi úrræðum í stigskiptri þjónustu þegar þeirra væri þörf. Lögð var áhersla á að bið barna og fjölskyldna þeirra eftir fullnægjandi þjónustu og úrræðum getur haft veruleg áhrif á farsæld barna og velsæld fjölskyldna. Fullnægjandi og greiður aðgangur að árangursríkri þjónustu stuðlar að aukinni farsæld, m.a. bættu geðheilbrigði, og dregur úr líkum á þyngri vanda síðar meir.

Þann 16. júní 2022 skipaði mennta- og barnamálaráðherra stýrihóp um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Í stýrihópnum voru fulltrúar frá mennta- og barnamálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, heilbrigðisráðuneyti, félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og Barna- og fjölskyldustofu.

Hlutverk stýrihópsins var að kortleggja og greina þjónustubörf barna með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir og endurskoða fyrirkomulag úrræða og þjónustu í þessum málaflokki, með réttindi barna og aðgengi þeirra að fullnægjandi þjónustu að leiðarljósi. Einnig átti stýrihópurinn að leggja til verka- og kostnaðarskiptingu vegna þeirrar þjónustu á milli sveitarfélaga og ríkisins. Stýrihópurinn skilaði skýrslu sinni með tillögum til ráðherra í ágúst 2023.

Í stýrihópnum voru:

Haraldur L. Haraldsson, án tilnefningar, formaður.
Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, án tilnefningar, varaformaður.
Funi Sigurðsson, tiln. af Barna- og fjölskyldustofu.
Þór G. Þórarinsson, tiln. af félags- og vinnumarkaðsráðuneyti.
Regína Ásvaldsdóttir, tiln. af Reykjavíkurborg
Rannveig Einarsdóttir, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
Heiða B. Pálmadóttir, tiln. af heilbrigðisráðuneyti.
Hanna Dóra H. Másdóttir, tiln. af innviðaráðuneyti.

Varamenn:

Katrín H. Hallgrímsdóttir, tiln. af Reykjavíkurborg.
Guðjón Bragason, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
Þá tók Helga Sif Friðjónsdóttir við sem fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins af Heiðu B. Pálmadóttur í maí 2023.

Starfsmenn hópsins voru Arnar Haraldsson frá HLH ráðgjöf og Þór Hauksson Reykdal, sérfræðingur á skrifstofu stefnumótunar- og innleiðingar í mennta- og barnamálaráðuneytinu.

Mennta- og barnamálaráðherra kom á fyrsta fund stýrihópsins og lagði það til að skipta upp vinnu hópsins þannig að fyrst yrði skoðað hvernig fyrirkomulagi úrræða við þennan viðkvæma hóp barna yrði sem best fyrir komið með réttindi barnanna og aðgengi þeirra að fullnægjandi þjónustu að leiðarljósi. Þegar því væri lokið væri fyrst tímabært að skoða kostnað vegna þeirra og svo ábyrgðaskiptingu. Að lokum skyldi stýrihópurinn koma með tillögum um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Hefur stýrihópurinn fylgt þessu uppleggi ráðherra samviskusamlega.

Stýrihópurinn ákvað einnig í upphafi starfsins að bæði aðalfulltrúar og varafulltrúar yrðu boðaðir á alla fundi og tækju fullan þátt í starfi hópsins og reyndist það farsælt. Þá voru skipaðir undirhópar til að vinna tiltekna fasa verkefnisins.

Vinnuhópur 1

Fjallaði um kortlagningu úrræða á landsvísu. Í hópnum voru Funi Sigurðsson, Rannveig Einarsdóttir, formaður, Alda Róbertsdóttir, Katrín Jónsdóttir, Júlía Sæmundsdóttir, Svala Hreinsdóttir, Sveinborg Kristjánsdóttir, Guðrún Þorsteinsdóttir og Guðrún Sigurðardóttir.

Vinnuhópur 2

Fjallaði um kortlagningu á fjölda barna sem metin eru í hvað þyngstri þörf fyrir samþætta þjónustu. Í hópnum voru Katrín Helga Hallgrímsdóttir, formaður, Funi Sigurðsson, Sandra Zarif, Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, Guðrún Bryndís Guðmundsdóttir og Kristjana Gunnarsdóttir.

Að þeirri vinnu lokinni tók vinnuhópur 3 við sem hafði það hlutverk að vinna ítarlegri tillögur um úrræði hins opinbera byggt á kortlagningu og greiningu fyrri vinnuhópa.

Vinnuhópur 3

Skipuðu þau Funi Sigurðsson, BOFS, formaður. Katrín Helga Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur, Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, sérfræðingur hjá mennta- og barnamálaráðuneyti.

Tillögurnar voru rýndar af Guðlaugu Maríu Júlíusdóttur, deildarstjóra faghópa á BUGL og Lindu Kristmundsdóttur, forstöðumaður Geðheilsu miðstöðvar barna.

Tillögurnar voru síðan afhentar vinnuhópi 4 til að vinna áfram með.

Vinnuhópur 4

Fékk það verkefni að vinna kostnaðarmat á ítarlegri tillögum vinnuhóps 3. Í vinnuhópi 4 voru Arnar Haraldsson, formaður, Agnes Sif Andrésdóttir, skrifstofustjóri fjármála velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Funi Sigurðsson, BOFS og Svala Hreinsdóttir, sérfræðingur frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Stýrihópurinn þakkar ofangreindum sérfræðingum fyrir mikilvægt framlag þeirra til eftirfarandi tillagna um nýtt fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda.

Skýrslu þessari er skipt í tvo kafla. Í fyrsta kafla er að finna tillögur um úrræðin, fyrirkomulag þjónustunnar og skiptingu ábyrgðar og í seinni kaflanum er fjallað um kostnaðargreiningu og tillögur um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Í neðangreindum tillögum, þar sem þörf er á veitingu heilbrigðisþjónustu í samþættri velferðarþjónustu, er nauðsynlegt að gerðir verði samningar við viðeigandi heilbrigðisstofnanir, í samræmi við VII kafla laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Á þetta sérstaklega við í tillögum 7, 8, 9, 10 og 11.

I. Tillögur að úrræðum

1. Stigskiptur búsetukjarni (15 börn).

Ábyrgð: Barna- og fjölskyldustofa (BOFS).

Stýrihópurinn telur nauðsynlegt að koma á fót nýjum stigskiptum búsetukjarna fyrir börn þar sem mismunandi þjónustustig eru í hverri einingu. Í þessum hóp eru börn sem sum hver eru vistuð í einkareknum úrræðum í dag en auk þess þarf líka að huga að ósakhæfum börnum sem þurfa vistun, t.d. vegna alvarlegra og hættulegra afbrota.

Erfitt er að meta hversu margir af þeim einstaklingum, sem eru í þessum hóp, geta búið saman. Það má þó gera ráð fyrir því að í hverri einingu geti einn til þrjú búið saman sem þýðir 8 til 10 einingar.

Í slíkum kjarna geta verið einingar með mjög litlum stuðningi/eftirliti yfir í einingar þar sem mönnunarþörf fyrir hvern einstakling eru þrjú á hverjum tíma. Er það mat hópsins að hér þurfi að vera símat á stöðunni í hverri einingu og eðlilegt að mönnunarþörf sé breytileg.

Úrræðið þarf því að vera sveigjanlegt hvað varðar mönnun og því mikilvægt að þetta sé þyrping þar sem allir væru staðsettir á sama svæði en þannig skapast tækifæri til að þróa mönnunarmódel sem mætir þörf hverrar starfseiningar á hverjum tíma. Æskilegt er að hægt verði að draga út fjölda starfsmanna á vakt ef þörfin er ekki til staðar og auka við fjölda starfsmanna á vakt ef þörfin skapast á ný. Markmið þjónustu þessara búsetukjarna er að barnið nái jafnvægi og bata sem dregur úr þörf þess fyrir stuðning frá starfsfólki. Hér þarf alltaf að vera markmiðið að draga úr mönnun fyrir hvern einstakling, því þarf að vera hægt að bæta við eða fækka starfsfólki á vöktum. Hér væri hægt að notast við mat frá stuðningsteymi á þjónustubörf hverju sinni og hafa símat á stöðunni.

Markmiðið á alltaf að vera að veita eins góða þjónustu og hægt er með sem minnstum tilkostnaði. Til staðar þarf að vera sérþekking á íhlutun og þörfum barna með þroskaraskanir þar sem meirihluti barna, sem hafa komið til umfjöllunar sérfræðingateymis, eru börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir sem eru í dag búsett á einkareknum vistheimilum. Einnig hefur hluti þessara barna orðið fyrir ofbeldi og langvarandi vanrækslu á heimili sínu svo þörf er á góðri fagþekkingu á tengslavanda.

Með því að hafa kjarna með nokkrum einingum er hægt að ná fram ákveðnu hagræði og sveigjanleika varðandi mönnun. Þannig væri t.d. hægt að manna einingar með einum á næturvakt en til staðar væri miðlæg næturvakt sem gæti gripið inn í þegar þörf er á hverju sinni. Í slíkum búsetukjarna þarf að vera skýr lagaleg heimild til að beita þvingun, þegar þörf reynist og þar sé starfsfólk með fagþekkingu á slíkum inngripum.

2. Meðferðarfóstur (20-30 börn).

Ábyrgð: BOFS.

Stýrihópurinn telur einnig að það þurfi að setja á laggirnar **meðferðarfóstur** þar sem boðið er upp á meiri stuðning og þjónustu, bæði við barnið og fósturforeldra og/eða forsjáradila. Hér þarf að vera aðkoma þverfaglegs hóps eins og teymi sérfræðinga (sjá tillögu nr. 11 hér að neðan) og þeirra starfsmanna sem ráðnir verða í þetta verkefni. Til að byrja með væri hægt að bæta við starfsmönnum í styrkt fóstur. BOFS hefur þegar hafið vinnu við að útfæra verklag við þetta form. Hér er hugsunin að fósturforeldrar hefðu atvinnu af því að vera með þessi börn og myndu fá nauðsynlegan stuðning og aðhald frá BOFS. Markmiðið með þessu úrræði er að ná stöðugri líðan barnanna og greina frekar hvaða þjónustu þau þurfa til að geta snúið aftur heim eða í varanlegri búsetu. Þetta ætti að draga úr þörf á að vista börn á vistheimilum sem eru mjög dýr úrræði.

Bráðaaðgerð: Er það mat stýrihópsins að rétt sé að forgangsraða þessu þar sem þetta er mjög hagkvæm leið og tilraunir eru þegar hafnar með þetta form sem gefa góða raun. Hér þarf að gera ráð fyrir bæði handleiðslu og stuðningi við fósturforeldra og barn. Einnig í sumum tilvikum sé starfsmaður/persónulegur ráðgjafi/aukastuðningur með barni á fósturheimili. Slíkt þyrfti að meta í hverju tilviki fyrir sig, hvort það þurfi stuðning með barni á vöktíma heima, yfir nótt o.s.frv.

3. Sérhæfð skammtímadvöl/hvildarinnlögn (8-10 börn á hverjum tíma).

Ábyrgð: BOFS.

Til að styrkt fóstur/meðferðarfóstur geti virkað sem skyldi, þarf einingu þar sem hægt er að vista börn tímabundið til að hvíla þau og fósturforeldra þegar erfið tilvik koma upp. Þar gæti teymið sem vinnur á slíkum stað hjálpað fósturforeldrum að taka aftur við barni. Hér þyrfti að vera til staðar fagfólk sem hefur þekkingu á ofbeldishegðun og öryggisþáttum þannig að fósturforeldrar upplifi að það komi aukinn stuðningur inn þegar erfið atvik koma upp. Að öllum líkindum væri hægt að sameina þetta við *SkaHm úrræðið* sem nefnt er hér fyrir neðan.

4. Styrkja og stækka SkaHm (63 börn).

Ábyrgð: BOFS í samráði við velferðarsvið Reykjavíkurborgar.

Sá hópur sem fellur undir hóp barna með fjölþættan vanda og býr heima væri æskilegt að styðja með úrræði eins og SkaHm sem er úrræði á vegum velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. SkaHm er þjónusta sem tekur börn í hvíldarinnlagir, styður foreldra í að halda börnum heima og hefur það skýra markmið að börnin séu heima eins lengi og hægt er. Sá hópur sem nýtur stuðnings SkaHm er mjög breiður með tilliti til aldurs og eðli vanda. Þar er talsverð þekking og komin góð reynsla sem nauðsynlegt væri að nýta fyrir allt landið.

5. Vistheimili/meðferðarheimili (3 börn).

Ábyrgð: BOFS.

Mikilvægt er að festa í sessi **vistheimili** fyrir þau börn sem geta ekki farið heim (líkt og stuðningsheimili Stuðla sem er tilrauna-verkefni á vegum BOFS og sveitarfélaga) að meðferð lokinni þar sem þau eru vistuð á grundvelli 79. gr. barnaverndarlaga. Mikilvægt er að öll sveitarfélög geti boðið upp á stuðning við börn sem eru að ljúka meðferð á meðferðarheimili.

6. Heimili fyrir endurteknar meðferðarvistanir (2-3 börn).

Ábyrgð: BOFS.

Heppilegt væri að vera með eitt meðferðarheimili til viðbótar fyrir þau börn sem eru í þörf fyrir endurteknar meðferðarvistanir og þau börn sem eru í afplánun. Gert er ráð fyrir að þessi deild/meðferðarheimili verði á meðferðarheimilinu í Garðabæ. Fyrirhugað er að starfsemi hefjist á þessu nýja meðferðarheimili í lok árs 2025. Það heimili mun byggja í grunninn á sömu hugmyndafræði og langtíameðferðarheimili BOFS en aðlögun út í samfélagið verði hæg. Áhersla verður á að nýta gagnreyndar aðferðir og undirbúningur starfsmanna BOFS varðandi það er hafinn (MI, ART, áfallamiðaður stuðningur, stöðustyrkjandi hugmyndafræði svo eitthvað sé nefnt).

7. Sérhæfð & samþætt þjónusta vegna vímuefnanotkunar (80-100 börn).

Ábyrgð: BOFS.

Stýrihópurinn leggur til að sameina neyðarvistun Stuðla og þriðja stigs heilbrigðisþjónustu í samþætta velferðarþjónustu fyrir börn sem eru í bráðri þörf fyrir þjónustu vegna vímuefnavanda. Hlutverk heilbrigðisþjónustu í samþættri velferðarþjónustu er læknisfræðilegt mat á ástandi barns við komu, framsetning á viðeigandi læknisfræðilegri meðferðaráætlun, þ.m.t. tilvísanir í aðra heilbrigðisþjónustu ef við á og eftirlit með fráhvarfsmeðferð. Hlutverk neyðarvistunar í samþættri velferðarþjónustu er að veita nauðsynlegt eftirlit og að tryggja öryggi barns í þessari stöðu. Eins og fram hefur komið er þörf á að gera samning, samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, vegna veitingu heilbrigðisþjónustu í samþættri velferðarþjónustu. Þá þarf að tryggja að samþætt velferðarþjónusta þessi fylgi lögum um heilbrigðisþjónustu, lögum um sjúkratryggingar og annarri viðeigandi löggjöf um heilbrigðisþjónustu.

Eins og staðan er í dag er neyðarvistun Stuðla með níu pláss þar sem verið er að sinna þessum hópi. Neyðarvistun Stuðla hefur verið með þjónustusamning við Vog sjúkrahús um að meta og veita börnum sem koma í neyðarvistun viðeigandi fráhvarfsmeðferð. Reynslan sýnir að þar er mjög góð þekking og reynsla af þjónustu við börn með ýmis konar vanda.

8. Vistunareining fyrir börn með alvarlegan hegðunarvanda (3-4 börn).

Ábyrgð: BOFS.

Þörf er á einingu fyrir börn með alvarlegan hegðunarvanda sem eru ekki með vímuefnavanda (þar sem það gæti verið skadlegt fyrir þau að vistast með börnum í neyslu). Hér gæti þverfaglegt teymi sérfræðinga (sbr. tillögu 11) komið inn og verið stuðningur við eininguna.

Það væri mjög heppilegt að forgangsraða þessu þar sem þetta er mjög aðkallandi. Þegar meðferðarheimilið í Garðabæ hefur starfsemi væri hægt að vista þessi börn þar og veita þeim meðferð.

Bráðaaðgerð: Æskilegt er að koma þessu úrræði strax af stað í bráðabirgðahúsnæði og ekki biða eftir að meðferðarheimilið í Garðabæ hefji starfsemi. Meðferðareiningin þarf að vera með mikinn sveigjanleika varðandi viðveru og dvöl barns. Þegar börn eru í fullri dvöl í einhverja mánuði þarf jafnframt að huga að aðkomu skólakerfis o.s.frv.

9. Vistunareining fyrir börn með alvarlegan geðrænan vanda (3-4 börn).

Ábyrgð: BOFS.

Það þarf einnig einingu fyrir börn sem greinst hafa með alvarlegan geðvanda og þurfa mögulega áframhaldandi geðheilbrigðisþjónustu samhliða bráðvistun. Mikilvægt er að aðgreina þörf fyrir bráðainnlögn á geðdeild, vegna bráðaversnunar geðvanda, og bráðavistun á vistunareiningu. Einingin þarf að vera með mikinn sveigjanleika varðandi viðveru og dvöl barns. Þegar börn eru í fullri dvöl í einhverja mánuði þarf jafnframt að huga að aðkomu skólakerfis o.s.frv.

10. Móttaka í bráðatilvikum fyrir börn með alvarlegan geð- og/eða hegðunarvanda (áætlað 4-5 börn á hverjum tíma).

Ábyrgð: BOFS.

Í einhverjum þeirra úrræða sem talin eru hér að framan þarf að gera ráð fyrir að hægt sé að taka á móti börnum í neyðartilvikum og til skamms tíma vegna alvarlegra atvika þegar börn eru með mikinn hegðunarvanda og/eða geðvanda.

Í fyrsta lagi getur hér verið um að ræða börn allt niður í átta ára, sem hafa misst alla stjórn og ekki hægt að tryggja öryggi þeirra heima við. Slík neyðarvistun þyrfti þá að vera til skamms tíma, t.d. 1-14 daga, meðan ástandið róast og hægt að koma á stuðningi við heimilið þannig að barn geti farið heim aftur.

Í öðru lagi getur verið um að ræða börn með alvarlegan hegðunarvanda sem getur verið tilkominn vegna geðvanda, taugaþroskaraskana, heilaskaða eða vegna vanrækslu og það verður fósturroff eða ekki er hægt að tryggja öryggi barns heima við og ekki fyrir séð að það verði gert í náinni framtíð. Þetta myndu í flestum tilvikum vera börn sem hafa þegar farið í gegnum meðferðarvistanir/heimili og/eða skammtíma- og hvíldardvalir en ljóst að þau úrræði duga ekki og beðið er eftir að barn komist í „meðferðarfóstur“ eða búsetukjarna.

Í þriðja lagi getur verið um að ræða börn með versnun einkenna geðsjúkdóms og þá er þörf á bráðainnlögn á BUGL.

Mikilvægt er að því að skilgreina innvalsskilmærki fyrir: BUGL, neyðarvistun og þessa einingu sem sinnir móttöku vegna bráðatilvika til að tryggja að barn/ungmenni fái rétta þjónustu á réttum stað. Mögulegt er að þróa verklag sem byggir á því að þverfaglegt teymi í samstarfi við bráðateymi BUGL meti hver þörf barns er m.t.t. staðsetningar bráðainnlagnar.

11. Þverfaglegt teymi sérfræðinga.

Ábyrgð: BOFS.

Í framangreindum einingum þarf að notast við atferlismótandi aðferðir og þjálfun í athöfnum daglegs lífs svo eitthvað sé nefnt. Skynsamlegt væri að setja á laggirnar öflugt og **samþætt teymi sérfræðinga**, þ.e. samsett teymi sem hefði aðkomu frá mismunandi þjónustuveitendum með það að markmiði að styðja við ofangreind úrræði. Teymið þarf að hafa á að skipa hæfum sérfræðingum og mikilvægt að það geti einnig verið ráðgefandi. Markmiðið er að í þessu teymi sé starfsfólk sem er á vettvangi eða getur komið á vettvang hvenær sem er. Slíkt teymi gæti þá einnig aðstoðað við meðferðarhlutann í búsetukjarnanum og veitt ráðgjöf varðandi þjónustuþörf. Teymið gæti þannig komið að öllum öðrum einingum og stutt við þá búsetu sem börnin eru í hverju sinni. Það má hugsa sér að teymið hýsi t.d. FFT, FFT-CWT og CPC-CBT sem nefnt er hér að neðan. Það eru til erlendar og innlendar fyrirmyndir að slíkum teyimum, t.d. farteymi, teymi frá Brúarskóla sem sér um yfirfærslu úr skólanum í heimaskóla.

Teymið gæti hjálpað mikið til við að færa þekkingu frá einum stað yfir á annan. Hér væri einnig hægt að bæta við **Functional family therapy – child welfare training (FFT–CWT)** en það er þjónusta sem aðstoðar börn og foreldra þeirra frá 0-18 ára. Í FFT–CWT er áhersla lögð á öryggi allra og tekur einnig á hegðunarvanda barna og þannig dregur enn frekar úr líkum á því að börn þurfi að vistast utan heimilis (það er fjallað frekar um FFT og FFT-CWT hér að neðan). Mjög líklega væri hægt að sameina eða samnýta þetta með því sem er nefnt hér að ofan um sérhæfða skammtímadvöl/hvildarinnlögn.

I. Tillögur að úrræðum

Forgangsráða: Functional family therapy (FFT) gæti verið mjög gott tæki til að vinna með og aðlaga börn aftur heim. FFT hefur þann sveigjanleika sem þarf í vinnu með fjölskyldur þeirra sem er að koma af meðferðarheimilum. FFT getur sinnt mjög mörgum börnum en þá væri rétt að öll börn sem eru að ljúka meðferð af meðferðarheimili færu í FFT og þau eru í kringum 39 á ári. FFT gæti síðan tekið mun stærri hóp fyrir utan þennan hóp. Hjá BOFS er nú í skoðun hvort FFT gæti komið í stað MST fjölkerfa meðferð.

FFT er sveigjanlegra úrræði og getur tekið mun fleiri börn. Hver meðferðaraðili er með 10 til 12 mál. Ef tveimur MST teymin er breytt í FFT teymi þá væri þau að sinna 80 til 96 málum á hverjum tíma í stað 16 til 20 málum.

Ef þessi breyting yrði gerð væri möguleiki að bæta við FFT-CWT sem er úrræði líkt og MST CAN og tekur til barna frá 0 til 18 ára þar sem ótryggu heimilin eru undir. Þetta er mjög áhugavert útfra því að tölfærði sérfræðingateymisins sýnir að mörg börn, sem teymið hefur fjallað um, hafa lent í ofbeldi á heimili og kannski hægt að fyrirbyggja eitthvað af þeim málum með FFT-CWT.

Með því að skipta þá út þriðja teymi MST (sem er fjármagnað á framkvæmdaáætlun í barnavernd) fyrir FFT-CWT væri hægt að þjónusta í kringum 32 til 48 börn á hverjum tíma. FFT-CWT tekur væntanlega til talsvert af þeim börnum sem nú eru í SkaHm.

12. Inntaka og mat á þjónustupörf.

Miðað við umræður í stýrihópnum og öllum vinnuhópnum, sem komu að skýrslunni um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda, þá er ljóst að mikilvægt er að einn aðili hafi ábyrgð á þeim úrræðum sem komið verður upp til að koma í veg fyrir grá svæði milli ríkis og sveitarfélaga er varðar þjónustu við þennan viðkvæma hóp barna. Mikilvægt er að ekki sé verið að færa vandann á milli kerfa.

Það má gera ráð fyrir því að þau börn sem eru í hópi barna með fjölþættan vanda séu öll með málsstjóra, stuðningsteymi og gilda stuðningsáætlun. Líklegt verður að teljast að þegar barn er með svo víðtækan vanda að hann flokkist sem fjölþættur séu fulltrúar frá heilbrigðisþjónustu, þ.m.t. geðheilbrigðisþjónustu, barnavernd, félagsþjónustu, skólaþjónustu og aðrir hlutað-eigandi í stuðningsteyminu í samræmi við farsældarlög

Miðað við hlutverk málsstjóra samkvæmt farsældarlögunum þá ætti hann að geta kallað alla þá fagaðila að sem geta metið hvað sé barninu fyrir bestu sem og þjónustu- og meðferðarþörf þess. Af þeim sökum er spurning hvort þörf sé á sérstakri einingu sem ber ábyrgð á kortlagningu og mati á þjónustupörf barna með fjölþættan vanda þar sem til staðar verði skýrt verklag um mat á því hvert barn á að fara í fyrstu, þ.e. hver á að hafa það hlutverk að meta umsóknir og fara yfir þær þannig að í öllum tilvikum sé verið að vista barn á viðeigandi stað og það sé að fá viðeigandi meðferð. Mikilvægur þáttur í mati á þörfum þessara barna er hvort um sé að ræða skammtíamavanda eða langtíamavanda. Í dag er til talsvert af skammtíamúrræðum sem börn með fjölþættan vanda hafa farið í gegnum en þar sem vandinn er viðvarandi er kannski viðbúið að slík skammtíamúrræði hafi ekki skilað tilætluðum árangri.

13. Stuðningur við foreldra til að hafa börn lengur heima.

Er það mat hópsins að skoða megi útfærslur á því að gera foreldrum auðveldara fyrir að sinna börnum sínum. Það er ákveðinn hluti foreldra sem getur ekki verið með börn með fjölþættan vanda heima þrátt fyrir vilja. Þar kemur t.d. til að foreldrar eru í fullri vinnu og önnur börn á heimili þannig að aðstæður til að gera slíkt er ekki fyrir hendi. Huga mætti að nokkrum útfærslum í þessu sambandi. Í fyrsta lagi að foreldrar barna með alvarlegar geð- eða hegðunarraskanir (s.s. sjálfsskaða, anorexiu eða ofbeldishegðun) geti fengið umönnunarmat og að greiðslur á grundvelli þess verði í einhverju samræmi við þann kostnað og umfang þeirrar vinnu sem felst í að sinna veiku barni. Hins vegar að í alvarlegri og erfiðari tilvikum sé hægt að styðja við foreldra með einhvers konar NPA greiðslum / útfærslu, þ.e. foreldrar geti ráðið til sín starfsfólk þannig að hægt sé að koma á þjónustu eins og í „meðferðarfóstri“ í þeim tilvikum þar sem foreldrar hafa hæfni og getu til að sinna slíku á heimili sínu.

14. Fyrirbyggjandi aðgerðir.

Í vinnu stýrihópsins hefur verið horft til fyrirbyggjandi aðgerða, sem væri vert að skoða nánar. Samkvæmt drögum að skýrslu sérfræðingateymis vegna barna með fjölþættan vanda hafa mörg af þessum börnum búið við vanrækslu og ofbeldi og þar eru sóknarfæri til að grípa fyrir inn í mál.

Forgangsráða: Æskilegt væri að horfa á meðferðarúrræði sem koma snemma inn í líf barna eins og FFT-CWT sem nefnt er hér að ofan en einnig **Combined Parent-Child Cognitive Behavioral Therapy (CPC-CBT)** en það er meðferð fyrir fjölskyldur þar sem foreldrar hafa beitt börn ofbeldi.

Þetta eru bæði úrræði sem styrkja foreldra í hlutverki sínu og gæti dregið úr að vandinn verði svo alvarlegur að grípa þurfi til íþyngjandi vistunarúrræða.

Forgangsráða: Signs of Safety er einnig verklag/aðferð sem vert væri að skoða að innleiða inn í barnaverndarstarf á Íslandi. Samkvæmt upplýsingum frá BOFS er stofnunin að skoða allar þessar þrjár nálganir með möguleikann á að innleiða þær fyrir allt landið.


Tafla 1. Yfirlit yfir tillögur um úrræði.

Úrræði:	Fjöldi barna á hverjum tíma:
Stigskiptur búsetukjarni	15
Meðferðarfóstur/Sérhæfð skammtíamadvöl/hvöld	30
Skala upp og styrkja SkaHm	63
Vistheimili/meðferðarheimili	3
Endurteknar meðferðarvistanir	3
Sérhæfð samþætt þjónusta vegna vímuefnanotkunar	*
Vistunareining f/ alv. hegðunarvanda	4
Vistunareining f/ alv. geðrænan vanda	4
Bráðamóttaka fyrir hegðun	5
Heildarfjöldi barna:	127

*Gert er ráð fyrir að 80-100 börn fái þjónustu á ári sem er innifalið inn í heildarhópnum.

II. Kostnaðargreining og tillögur um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga

Mynd 1. Flæðirit um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda.



Kostnaður tillagna allt að 4,6 ma. kr.



Kostnaður sveitarfélaga 5-6 ma. kr.



Tillögur að nýju fyrirkomulagi þjónustu við börn með fjölþættan vanda



Dregur úr fjárpörf hins opinbera allt að 1 ma. kr. á ári

Niðurstöður kostnaðarmatsins sýna að hægt er að ná umtalsverðri hagræðingu í rekstri þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Árlegur sparnaður gæti orðið allt að 1 ma. kr. Sparnaðurinn birtist fyrst og fremst í því að einn aðili annist skipulag og framkvæmd þjónustu. Með slíku fyrirkomulagi gefst tækifæri til að nýta mannaúð og þekkingu til þjónustunnar með markvissari hætti en áður og fleiri komast að í þjónustu. Kostnaður þjónustunnar liggur meira og minna í launum og launatengdum gjöldum. Úrræði sem veitt eru vegna þessa hóps barna eru ekki í fullri nýtingu allan ársins hring og því gefst tækifæri til nýta og færa til starfsfólk á vöktum eftir þörfum.

Árlegur rekstrarkostnaður tillagna stýrihópsins að nýju fyrirkomulagi þjónustu og úrræða fyrir börn með fjölþættan vanda er á bilinu 3,6-4,6 ma. kr.

Núverandi skipulag þjónustu leiðir til hærri rekstrarkostnaður í þjónustu við börn með fjölþættan vanda sem skýrist fyrst og fremst af dreifðri og brotakenndri þjónustu við þennan viðkvæma hóp. Sveitarfélög hafa mismikla burði til að setja á fót úrræði fyrir þennan hóp og hafa því verið að leita í auknum mæli í úrræði á vegum einkaaðila. Barn með fjölþættan vanda kann að hafa þörf fyrir viðamikl úrræði s.s. vistun utan heimilis tímabundið og því flókið fyrir sveitarfélög að setja á fót úrræði fyrir svo umfangsmikla þjónustu tímabundið og hvað þá að halda úti slíku úrræði í lengri tíma. Þar af leiðandi felst styrkur tillagnanna og kostnaðarmatsins í að færa ábyrgð og framkvæmd þjónustunnar á einn aðila til að ná fram skynsamlegri nýtingu á störfum sérfræðinga og fjármuna fyrir svo viðkvæman hóp barna.

Aðferðarfræði kostnaðarmatsins:

Við gerð kostnaðarmats á tillögum stýrihópsins var stuðst við rauntölur við rekstur úrræða annars vegar frá Barna- og fjölskyldu- stofu og hins vegar frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar. Báðir þessir aðilar sýndu fram á að rekstrarkostnaður úrræða skiptist í 80-90% laun og launatengd gjöld og 10-20% önnur gjöld, s.s. rekstur húsnæðis fyrir notendur þjónustunnar og starfsfólk.

Við mat á kostnaði vegna launa og launatengdra gjalda voru skilgreindir þrjú meginflokkar stöðugilda sem koma að þjónustu eða úrræða við börn og meðalkostnað þeirra:

- Meðalkostnaður stöðugildis sérfræðings – 13,5 m.kr.
- Meðalkostnaður stöðugildis í sólarhringsþjónustu (öll störf): 13 m.kr.
- Meðalkostnaður stöðugildis sérfræðings sem tekur bakvaktir: 16 m.kr.



Lagt var mat á fjölda stöðugilda fyrir hvert úrræði sem fram kemur í tillögum. Kostnaður launa og launatengdra gjalda var metinn 80% í úrræðum, þar sem þjónusta er veitt allan sólarhringinn, af heildarútgjöldum úrræðis og önnur gjöld fundin með eftirfarandi aðferð:

$$\text{Önnur gjöld} = \frac{\text{Laun}}{0,8} \times 0,2$$

Úrræði sem einungis fara fram á dagvinnutíma eru laun og launatengd gjöld metin 95% af heildarútgjöldum og önnur gjöld 5%.

Einnig var lagt mat á þörf fyrir fjárfestingu fyrir hvert og eitt úrræði ásamt breytingum og/eða innleiðingarkostnaði.

Fjárfesting t.d. í húsnæði miðast við neðri og efri mörk kostnaðar við hvern fermeter og byggir hann á reynslutölum við byggingu sértæks húsnæðis (530-630 þús. kr. fyrir hvern fermeter).

Einnig var lagt mat á núverandi kostnað þjónustunnar. Við mat á þeim kostnaði var stuðst við:

- Gagnasöfnun starfshóps um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk
- Ársreikningum einkaaðila sem koma að þjónustu við börn með fjölþættan vanda
- Raunkostnað þjónustu við börn með fjölþættan vanda hjá Reykjavíkurborg
- Upplýsingar frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga
- Upplýsingar frá vinnuhópi 1 sem vann kortlagningu á úrræðum fyrir börn með fjölþættan vanda

Kostnaðarmat:

Tafla 2. Samantekt yfir rekstrarkostnað (m.kr) þjónustu í dag og áætlaðan kostnað úrræða ásamt fjárfestingu þeirra.

Tegund úrræðis	Fjöldi barna á hverjum tíma	Innifalið í heild	Árlegur rekstrarkostnaður í m.kt. á verðlagi '22		Rekstrarkostnaður í dag		Nettó		Fjárfesting	
			Brúttó kostnaður Neðri mörk	Brúttó kostnaður Efri mörk	Svf.	Ríki	Neðri mörk Ríki og Svf.	Efri mörk Ríki og Svf.	Neðri mörk Fjárfesting (einskíptis)	Efri mörk Fjárfesting (einskíptis)
1 Vettvangsteymi (FFT/FT-CW)		80-96/32-48	168	202			168	202	7	7
2 Stigskiptur búsetukjarni	15		1.482	1.710			1.482	1.710	530	945
3 Meðferðarfóstur	30		185	210	104	122	82	89	-	-
4 Sérhæfð skammtímadvöl/hvildarinnlögn		33	328	730			328	730	265	756
5 Styrkja og skala upp SkaHm	63		694	816	230	230	694	816	696	1.488
6 Vistheimili/meðferðarheimili	3		140	140	70	70	-	-	-	-
7 Meðferðarheimili fyrir endurteknar meðferðarvistarir	3		140	140	Gert ráð fyrir þessum rekstri í GB		140	140	-	-
8 Sérhæfð afeitrunardeild		80-100	40	60	168	168	128	108	-	-
9 Meðferðareining fyrir börn með alvarlegan hegðunarvanda	4		136	181			136	181	133	189
10 Meðferðareining fyrir börn með alvarlegan geðrænan vanda	4		136	181			136	181	133	189
11 Móttaka í bráðatilvikum fyrir börn með alvarlegan geð- og/eða hegðunarvanda	5		190	190			190	190	-	-
12 Inntaka og mat á þjónustubörf									-	-
13 Stuðningur við foreldra til að hafa börn lengur heima									-	-
14 Fyrirbyggjandi aðgerðir									-	-
Rekstrarkostnaður 27. gr. laga nr. 80/2002 21. gr. laga nr. 38/2018					5.080	-	5.080	-	5.080	-
Samtals:	127		3.639	4.561	5.651	590	1.852	948	1.762	3.574

1. Stigskiptur búsetukjarni

Forsendur	Neðri mörk	Efri mörk	
Fjöldi í þjónustu	15	15	
Fjöldi í hverjum búsetukjarna	3-4	3-4	-> þörf á að breyta reglugerð nr. 1038/2018
Fjöldi búsetukjarna	4	5	
Fjöldi stg. hvern einstakling	6,5	7,5	
Fjöldi stg	97,5	112,5	
þjónusta veitt:	allan sólarhringinn	allan sólarhringinn	
Áætlaður kostnaður úrræðis			
Laun og launatengd gjöld	1.235	1.425	
Önnur gjöld	247	285	
Samtals kostnaður	1.482	1.710	-> gera má ráð fyrir að umönnunargreiðslur frá TR komi til lækkunar hjá þeim fjölsk. á meðan barn er í úrræði
Fjárfesting í húsnæði:			
Fjöldi fm	250	300	-> Byggir á stærð húsnæðis á Þingvæði (252,2 fm fyrir 4 börn)
Kostnaður per fm	530.000	630.000	
Samtals kostnaður per hús	132.500.000	189.000.000	
Samtals fjárfesting	530.000.000	945.000.000	

2. Meðferðarfóstur

Forsendur	Neðri mörk	Efri mörk	
Fjöldi í þjónustu	20-30		
Fjöldi barna á fósturheimili	1-3		
Greiðslur fyrir styrkt fóstur (per barn)	1,8	Óstáðugar tekjur fyrir þá sem eru fósturforeldrar í dag. Til að bregðast við þeirri stöðu er lagt til að hækka styrkinn fyrir hvert barna,	
Tillaga um að hækka greiðslurnar í	2,5	skilgreindur verði hvíldartími og aukinn stuðningur við aðila máls.	
Styrkur til fósturforeldra			
Áætlaðar greiðslur til fósturforeldra m.v. núverandi kerfi	36	54	
Áætlaðar greiðslur til fósturforeldra m.v. nýtt kerfi	50	75	
Mismunur	14	21	-> Viðbótarkostnaður frá núverandi kerfi
Aukinn stuðningur (BOFS)			
Fjöldi stöðugilda í dag	5		
Aukning stg. v. aukins stuðnings	5	-> efla stuðningskerfi við fósturforeldra	
Kostnaður í dag	67,5		
Viðbótar kostnaður	67,5		
Samtals kostnaður	135		
Núverandi kostnaður	104	121,5	
Kostnaður tillögu á ári	82	89	
Árlegur kostnaður	185	210	

3. Sérhæfð skammtímadvöl

Forsendur	Neðri mörk	Efrir mörk	
Fjöldi í þjónustu	33	40	
Fjöldi í þjónustu í hverri skammtímadvöl	3	6	-> 6. gr. reglugerðar nr. 1037/2018
Fjöldi skammtímadvala	2	4	-> 2 heimili í rekstri RVK
Fjöldi stöðugilda per eining	10,8	12,0	-> 1,8 - 2,0 stg. á hvert barna
þjónusta veitt:	allan sólarhringinn	allan sólarhringinn	-> gera ráð fyrir að skammtímadvöl sé opin alla daga ársins
Áætlaður kostnaður úrræðis			
Laun og launatengd gjöld	274	608	
Önnur gjöld	55	122	
Samtals gjöld	328	730	
Fjárfesting í húsnæði:			
Fjöldi fm	250	300	-> Byggir á stærð húsnæðis á Þingvæði (252,2 fm fyrir 4 börn)
Kostnaður per fm	530.000	630.000	
Samtals kostnaður per hús	132.500.000	189.000.000	
Samtals fjárfesting	265.000.000	756.000.000	

II. Kostnaðargreining og tillögur um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga

4. Styrkja og skala upp SkaHm

Forsendur	Neðri mörk	Efrir mörk
Fjöldi í þjónustu	63	63
Fjöldi stg. á notendur	0,68	0,8 -> <i>Reynslutala frá RVK</i>
Fjöldi stöðugilda:	43	50 - í dag eru starfandi 17 stg. hjá RVK og 25 notendur í þjónustunni
þjónusta veitt:	17	221
Mimsunur	26	33
Áætlaður kostnaður úrræðis		
Laun og launatengd gjöld	578	680
Annar rekstrarkostnaður	116	136
Samtals útgjöld	694	816
Húsnæði fjöldi	32	32
	5	8
Fjárfesting í húsnæði:		
Fjöldi fm	250	300 -> Byggir á stærð húsnæðis á þingvaði (252,2 fm fyrir 4 börn)
Kostnaður per fm	530.000	630.000
<i>Samtals kostnaður per hús</i>	<i>132.500.000</i>	<i>189.000.000</i>
Samtals fjárfesting	695.625.000	1.488.375.000

5. Vistheimili/meðferðarheimili

Forsendur	Neðri mörk	Efrir mörk
Fjöldi í þjónustu	2	3
Fjöldi heimila	1	1
Fjöldi stöðugilda per eining	9	11 -> eru í 11 stg. í dag (aldrei færri en 2 á vakt)
þjónusta veitt:	<i>allan sólarhringinn</i>	<i>allan sólarhringinn</i>
Áætlaður kostnaður úrræðis		
Kostnaður úrræðis	140	140
Kostnaður úrræðis	140	140 -> útgjöld skiptast 50/50 milli ríkis og sveitarfélaga í dag
Fjárfesting í húsnæði: Ekki þörf - húsnæði til		

6. Meðferðarheimili fyrir endurteknar meðferðarvistanir

Forsendur	Neðri mörk	Efrir mörk
Fjöldi í þjónustu	2	3
Fjöldi heimila	1	1
Fjöldi stöðugilda per eining	9	11
þjónusta veitt:	<i>allan sólarhringinn</i>	<i>allan sólarhringinn</i>
Áætlaður kostnaður úrræðis		
Kostnaður úrræðis	140	140
Fjárfesting í húsnæði: Ekki þörf - húsnæði er á framkvæmdaráætlun		

7. Sérhæfð afeitrunardeild

Forsendur	Neðri mörk	Efrir mörk
Fjöldi í þjónustu	80	100 -> mörg barnanna koma úr öðrum úrræðum - Afeitrunardeild er starfrækt á LSH í dag 141 m.kr. voru veittar til LSH árið 2020
		https://www.stjornarradid.is/verkefni/fleiri-rit/rit/2020/06/04/Opnun-afeitrunardeildar-fyrir-olograda-ungmenni-mikilvaegt-framfaraskref/
þjónusta veitt:	<i>allan sólarhringinn</i>	<i>allan sólarhringinn</i>
Áætlaður kostnaður úrræðis		
	40	60
Sparnaður fyrir ríkissjóð	80	100
Fjárfesting í húsnæði: Ekki þörf - húsnæði til		

8. Vistunareining fyrir börn með alvarlegan hegðunarvanda

Forsendur	Neðri mörk	Efrir mörk
Fjöldi í þjónustu	3	4
Fjöldi stg. á hvert barna	2,8	2,8
Fjöldi stöðugilda	8,4	11,2
þjónusta veitt:	<i>allan sólarhringinn</i>	<i>allan sólarhringinn</i>
Áætlaður kostnaður úrræðis		
Laun og launatengd gjöld	113	151
Annar rekstrarkostnaður	23	30
Samtals kostnaður	136	181
Fjárfesting í húsnæði:		
Fjöldi fm	250	300 -> Byggir á stærð húsnæðis á þingvaði (252,2 fm fyrir 4 börn)
Kostnaður per fm	530.000	630.000
<i>Samtals kostnaður per hús</i>	<i>132.500.000</i>	<i>189.000.000</i>
Samtals fjárfesting	132.500.000	189.000.000

9. Vistunareining fyrir börn með alvarlega geðrænan vanda

Forsendur	Neðri mörk	Efrir mörk
Fjöldi í þjónustu	3	4
Fjöldi stg. á hvert barna	2,80	2,80
Fjöldi stöðugilda	8,4	11,2
þjónusta veitt:	<i>allan sólarhringinn</i>	<i>allan sólarhringinn</i>
Áætlaður kostnaður úrræðis		
Laun og launatengd gjöld	113	151
Annar rekstrarkostnaður	23	30
Samtals kostnaður	136	181
Fjárfesting í húsnæði:		
Fjöldi fm	250	300 -> Byggir á stærð húsnæðis á þingvaði (252,2 fm fyrir 4 börn)
Kostnaður per fm	530.000	630.000
<i>Samtals kostnaður per hús</i>	<i>132.500.000</i>	<i>189.000.000</i>
Samtals fjárfesting	132.500.000	189.000.000

10. Móttaka í bráðatilvikum fyrir börn með alvarlega geð- og/eða hegðunarvanda

Forsendur	Neðri mörk	Efrir mörk
Fjöldi í þjónustu	4	5
þjónusta veitt:	<i>allan sólarhringinn</i>	
Áætlaður kostnaður úrræðis:		
	190	190 Byggir á reynslutölum frá BOFS
Fjárfesting í húsnæði: Ekki þörf - húsnæði til		

11. Vettvangsteymi (FFT/FFT-CW)

Forsendur	Neðri mörk	Efrir mörk
Vettvangsteymi:		
Fjöldi stöðugilda:	10	12
FFT:		
Fjöldi í þjónustu FFT	80	96
Fjöldi mála á hvern stg.	10	10
Fjöldi stg	8	10 -> Tillagan gengur út á að breyta nýtingu núverandi fjármuna BOFS - tilfærsla: eitt MST teymi verður að FFT - Netto 0
FFT-CW:		
Fjöldi í þjónustu FFT-CW	32	48
Fjöldi mála á hvern stg.	10	10
Fjöldi stöðugilda:	3	5 -> Tillagan gengur út á að breyta nýtingu núverandi fjármuna BOFS - tilfærsla: MEST CAN verði FFT-CW - Netto 0
þjónusta veitt:	<i>allan sólarhringinn</i>	<i>allan sólarhringinn</i>
Viðbótar stöðugildi	10	12
Laun og launatengd gjöld	160	192
Annar kostnaður	8	9,6
Samtals nettó kostnaður	168	202
Fjárfesting: -> þörf á fjárfestingu fyrir aðstöðu (innifalið í öðrum kostnaði)		
Verkefnastjóri í 1/2 ár að innleiða verklag og uppbyggingu teymanna		
Fjárfesting		
1/2 stg. Sérfræðings samtals	6,75	

II. Kostnaðargreining og tillögur um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga


Kostnaður þjónustu við börn með fjölþættan vanda

Rekstrarkostnaður þjónustu sveitarfélaga við börn með fjölþættan vanda var á bilinu 5-6 ma. kr. árið 2022.

Rekstrarkostnaður úrræða vegna vistunar barna utan heimilis á vegum Barnaverndar Reykjavíkurborgar voru 1,3 ma. kr. árið 2021¹. Um þriðjungur barna á Íslandi búa í Reykjavík en hlutfall barnaverndarmála er hærra hjá Reykjavíkurborg samanborið við önnur sveitarfélög. Gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg hafi borið 40% af rekstrarkostnaði barna með fjölþættan vanda árið 2021. Uppreiknaður kostnaður fyrir landið allt er 3,2 ma. kr. vegna úrræða á vegum barnaverndar og er skráð sem kostnaður hennar.

Starfshópur um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk tók saman upplýsingar og kortlagði rekstur þjónustu við fatlað fólk eftir greinum laga nr. 38/2018. Sveitarfélög voru sérstaklega spurð um rekstrarkostnað þeirra vegna þjónustu barna sem falla undir 21. gr. laganna (börn með þroska- og geðraskanir). Kostnaður þjónustunnar var 2,3 ma. kr. árið 2021 og tilheyrir hópi fatlaðra barna² og er skráður á málaflokk fatlaðs fólks. Með tilkomu laga nr. 38/2018 kom 21. gr. ný inn í lögin sem ekki hafði verið í fyrri lögum.

Mynd 2. Rekstrarkostnaður í millj. kr. á nafnverði, við þjónustu við börn með miklar þroska- og geðraskanir, sbr. 21. gr. laga nr. 38/2018




Heimild: Starfshópur um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Ef lítið er til þróunar á rekstrartekjum tveggja aðila sem gefa sig út fyrir að veita þjónustu við börn með fjölþættan vanda þá hafa tekjur þeirra vaxið jafnhraðan og útgjöld sveitarfélaga til þessa málaflokks.

¹https://reykjavik.is/sites/default/files/2022-07/A%CC%81rsky%CC%81rsla%20BR_2021_Lokaentak.pdf

²<https://app.powerbi.com/view?r=eyJrjoiMzAxOGIwN2ItNmU3Ny00YmQzLWJhM2Y2M2ExZjUwZjFmM2QzliwidCI6ImJjMTRhNDRlLUwzmitNGUwY1hNTM1L-TEwMDU3OWQ0MWI2NSIsImMiOj9>


Mynd 3. Þróun rekstrartekna, í millj. kr. á nafnverði, Klettabæjar og Vinakots árin 2018 - 2021



Heimild: Skatturinn, fyrirtækjaskrá.

Rekstrarkostnaður félagsþjónustu sveitarfélaga við börn og unglunga hefur verið vaxandi allt frá árinu 2015 á föstu verðlagi 2020.

Mynd 4. Þróun rekstrargjalda, millj. kr. á verðlagi 2020, félagsþjónustu sveitarfélaga við börn og unglunga árin 2002-2020.




Heimild: Árskýrslur sveitarfélaga af vef Samband íslenskra sveitarfélaga.



Rekstrarkostnaður úrræða á vegum Barna- og fjölskyldustofu vegna úrræða á þeirra vegum hefur á föstu verðlagi nokkurn veginn staðið í stað frá árinu 2004. Þrátt fyrir það er mikilvægt að benda á að fjármagn sem nýtt var til reksturs meðferðarheimila úti á landi hefur í auknu mæli verið nýtt til reksturs úrræða á vegum Barna og fjölskyldustofu.

Mynd 5. Þróun rekstrargjalda, í millj. kr. á verðlagi 2020, Barna- og fjölskyldustofu 1996-2020



Heimild: Árskýrslur Barnaverndarstofu árin 1996-2020.

Samkvæmt upplýsingum frá sveitarfélögum sem báru umtalsverðan kostnað vegna barna sem falla undir 20. gr. laga nr. 38/2018, þá var meðalkostnaður þjónustu við 32 börn sem tilheyra þessum þyngsta enda þjónustunnar 87,5 m.kr. árið 2022 og var heildarkostnaðurinn því 2,8 ma. kr.

Þegar allt er tekið saman út frá þeim gögnum sem lögð eru til grundvallar má áætla að beinn kostnaður sveitarfélaga sé á bilinu 5-6 ma. kr. vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda.

Tillögur Stýrihópsins.

Tillögur varðandi skiptingu ábyrgðar og framkvæmd þjónustunnar.

- Stýrihópurinn leggur til að Barna- og fjölskyldustofa beri ábyrgð á fyrirkomulagi þjónustu við börn með fjölþættan vanda, sbr. ofangreindar tillögur.

Tillögur varðandi fjármögnun og kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga

- Stýrihópurinn leggur til að frekari umfjöllun um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda verði hluti af heildarsamningi um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í málaflokki fatlaðs fólks
- Stýrihópurinn leggur til að starfshópur félags- og vinnumarkaðsráðherra um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk taka við tillögunum til meðferðar. Hér að neðan gefur að líta eina sviðsmynd af kostnaðarskiptingu sem hægt er að hafa til hliðsjónar :

o fjármagn sem ríkisjóður hefur veitt vegna barna sem vistuð eru utan heimilis skv. 21. gr. laga nr. 38/2018, sem á fjárlögum 2023 nema 691 m.kr., renni óskipt til fjármögnunar á framangreindum tillögum stýrihópsins. Auk þess leggi ríkið til viðbótarfjármuni að fjárhæð allt að 2,4 ma. kr. vegna rekstur úrræðanna. Sveitarfélög leggi á mótí framlag að fjárhæð 1,5–2,0 ma. kr. til rekstur úrræðanna í gegnum jöfnunarsjóð sveitarfélaga með samningi við Barna og fjölskyldustofu.

Fjármögnun vistunar barna utan heimilis



691 m.kr.



Ríkissjóður



2,4 ma.kr.



Sveitarfélög



1,5 ma.kr.



4,6 ma. kr.





UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Umsögn um skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda

Með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags. 6. september var óskað var eftir umsögn velferðarsviðs um skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda, dags. ágúst 2023.

Umsögn

Stýrihópur um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda skilaði skýrslu sinni með tillögum til mennta- og barnamálaráðherra í ágúst 2023. Hlutverk stýrihópsins var að kortleggja og greina þjónustubörf barna með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir og endurskoða fyrirkomulag úrræða og þjónustu í þessum málaflokki, með réttindi barna og aðgengi þeirra að fullnægjandi þjónustu að leiðarljósi. Einnig átti stýrihópurinn að leggja til verka- og kostnaðarskiptingu vegna þeirrar þjónustu á milli sveitarfélaga og ríkisins.

Hópurinn skilaði inn tillögum að níu úrræðum sem væru á ábyrgð Barna- og fjölskyldustofu og gætu þjónustað 127 börn á hverjum tíma. Jafnframt er fjallað um aðkomu þverfaglegs teymis sérfræðinga sem hefði aðkomu frá mismunandi þjónustukerfum, fyrirkomulag á inntöku og mat á þjónustubörf, stuðning til foreldra til að hafa börn sem lengst heima og fyrirbyggjandi aðgerðir. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar tekur undir þær tillögur sem lagðar eru fram um uppbyggingu og útfærslu þarfra og metnaðarfullra úrræða sem viðurkennt er að lúta eigi ábyrgð Barna- og fjölskyldustofu. Í skýrslunni er farið yfir þau úrræði sem Barna- og fjölskyldustofa er að skoða m.a. FFT sem er „vægara“ úrræði en MST. FFT er góð viðbót en hefur það meginmarkmið að tengja börn aftur við heimili sitt. Það mun því vart koma í stað MST en því úrræði er beitt áður en kemur að fóstur- og/eða meðferðarvistun. Bent er á góðan árangur MST, sem tillögur gera ráð fyrir að verði hætt. Í dag er í fyrsta sinn 6 mánaða biðlisti eftir MST sem er ótækt og því er mikilvægt að núverandi úrræði Barnaverndarstofu haldi þar til önnur taka við. Velferðarsvið hefur slæma reynslu af lokun meðferðarheimila, án þess að viðeigandi úrræði hafi komið í staðinn. Í úrræðaflórinni þarf að huga að fyrirbyggjandi úrræðum.

Í dag hefur skortur á uppbyggingu og framboði úrræða á vegum ríkisins leitt til þess að umtalsverður kostnaður hefur lent á herðum sveitarfélaga. Sveitarfélög hafa því haft minna svigrúm en ella til að verja fjármunum í fyrirbyggjandi og snemmtækar aðgerðir sem dregið gætu úr þjónustubörf á 3. stigi. Í skýrslu stýrihópsins er ekki sett fram tímasett áætlun um framkvæmdatíma á uppbyggingu úrræða en mikilvægt er að vinna við það hefjist strax svo sveitarfélög geti samhliða farið að hugað að frekari uppbyggingu fyrirbyggjandi úrræða. Athygli er jafnframt vakin á mikilvægi



menntunar/skólagöngu þessa barna sem oft á tíðum hafa ekki náð að nýta sér hefðbundin skólaúrræði. Viðeigandi skólaúrræði er mikilvægur og verndandi þáttur í lífi barna og huga þarf að þeim þætti í uppbyggingu og kostnaði úrræða.

Kostnaður tillagna er metinn allt að 4,6 ma.kr. og að draga megi úr fjárþörf hins opinbera um allt að 1 ma. kr. á ári þar sem kostnaður sveitarfélaga hefur verið 5-6 ma.kr. Sparnaðurinn er talinn birtast fyrst og fremst í því að einn aðili annist skipulag og framkvæmd þjónustu. Það er mat stýrihópsins að núverandi skipulag þjónustu leiði til hærri rekstrarkostnaðar í þjónustu við börn með fjölþættan vanda sem skýrist fyrst og fremst af dreifðri og brotakenndri þjónustu við þennan viðkvæma hóp. Tekið er undir það mat stýrihópsins. Í núverandi fyrirkomulagi felst soun þar sem sveitarfélög hafa orðið að kaupa þjónustu af einkaaðilum sem leitt hefur til þess að verr en ella hefur gengið að byggja upp þekkingu á málaflokknum.

Stýrihópurinn leggur til að Barna- og fjölskyldustofa beri ábyrgð á fyrirkomulagi þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Hvað fjármögnun og kostnaðarskiptingu varðar leggur hópurinn til að frekari umfjöllun verði hluti af heildarsamningi um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga í málaflokki fatlaðs fólks og að starfshópur félags- og vinnumarkaðsráðherra um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk taki tillögur stýrihópsins til meðferðar. Sá hópur átti að skila sínum niðurstöðum 1. desember 2022 og ekki er fyrir séð hvenær þeirri vinnu verður lokið. Velferðarsvið lýsir yfir áhyggjum af miklum tögum í þessu mikilvæga máli.

Stýrihópurinn leggur þó til eina sviðsmynd af kostnaðarskiptingu sem hægt væri að hafa til hliðsjónar:

Fjármagn sem ríkisjóður hefur veitt vegna barna sem vistuð eru utan heimilis skv. 21. gr. laga nr. 38/2018, sem á fjárlögum 2023 nema 691 m.kr., renni óskipt til fjármögnunar á framangreindum tillögum stýrihópsins. Auk þess leggi ríkið til viðbótarfjármuni að fjárhæð allt að 2,4 ma. kr. vegna reksturs úrræðanna. Sveitarfélög leggi á mótí framlag að fjárhæð 1,5-2,0 ma.kr. til reksturs úrræðanna í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga með samningi við Barna- og fjölskyldustofu.

Velferðarsvið telur að framsett sviðsmynd sé sanngjörn í ljósi þess að kostnaði vegna úrræða fyrir börn í fjölþættum vanda hefur verið velt yfir á sveitarfélögin síðasta áratuginn.

Velferðarsvið telur að skoða megi þann möguleika að Barna- og fjölskyldustofa geri tímabundið samkomulag við einkaaðila um framkvæmd þeirrar þjónustu sem veitt er á þeirra vegum í dag, þar til viðeigandi úrræði hafi litið dagsins ljós.

Í skýrslu stýrihóps er sett fram skýr ábyrgðar- og kostnaðarskipting milli stjórnsýslustiga sem er grunnur að stefnumörkun og framþróun í þjónustunni. Afar mikilvægt er að börn í fjölþættum vanda og/eða með miklar þroska- og geðraskanir fái fullnægjandi þjónustu. Þar má engan tíma missa og lögð er áhersla á að sem fyrst verði unnið samkvæmt niðurstöðum stýrihópsins.

Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Umsögn skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar á skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda

Vísað er til erindis skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. september 2023, þar sem óskað er eftir umsögn skóla- og frístundasviðs um skýrslu stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda.

Umsögn:

Hlutverk stýrihópsins var að kortleggja og greina þjónustupörf barna með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir og endurskoða fyrirkomulag úrræða og þjónustu í þessum málaflokki, með réttindi barna og aðgengi þeirra að fullnægjandi þjónustu að leiðarljósi. Einnig átti stýrihópurinn að leggja til verka- og kostnaðarskiptingu vegna þeirrar þjónustu á milli sveitarfélaga og ríkisins. Stýrihópurinn skilaði skýrslu sinni með tillögum til ráðherra í ágúst 2023.

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar fagnar þeim tillögum sem fram koma í skýrslunni og þeim leiðum sem álitnar eru ákjósanlegastar til að mæta þörfum umrædds hóps sbr. tillögur um stuðning við úrræði eins og SkaHm sem snýst um að styðja við foreldra í þeim tilgangi að börn geti búið heima eins lengi og hægt er. Einnig er afar jákvætt að sjá að þörf þykir á sérþekkingu og góðri fagþekkingu á íhlutun og þörfum barna með þroskaraskanir sem og tengslavanda þar sem meirihluti barna sem hafa komið til umfjöllunar sérfræðiteymis eru börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir. Börn sem í dag eru búsett á einkareknum vistheimilum sem mörg hafa á sinni lífsævi orðið fyrir jafnvel bæði ofbeldi og langvarandi vanrækslu.

Skipulagt skóla- og frístundastarf er mikilvægur þáttur í lífi sérhvers barns. Nefnt er í t.d. 8. og 9. kafla varðandi vistunareiningar fyrir börn með annars vegar alvarlegan hegðunarvanda og hins vegar geðrænan vanda að huga þurfi að aðkomu skólakerfis. Einnig er fjallað um aðkomu skólaþjónustu í tengslum við inntöku og mat á þjónustupörf. Þau úrræði sem skýrslan tekur til og leggur til að komið verði á fót snúa að megninu til að vistun utan heimilis. Fjallað er um þverfagleg teymi sérfræðinga í skýrslunni sem gætu aðstoðað við meðferðarluta í búsetukjörnum en teymunum er einnig ætlað að veita ráðgjöf varðandi þjónustupörf. Mikilvægt er að tryggja að slík teymi munu einnig hafa aðkomu að skóla- og frístundastarfi og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og miðstöðva sé hluti af teyminu sbr. áherslur farsældarlaganna. Það er nauðsynlegt að geta mætt þörfum þessa barnahóps í því metnaðarfulla skóla- og frístundastarfi sem borgin býður upp á og það er ekki hægt öðruvísi en með þverfaglegri nálgun og aðkomu allra stiga þjónustunnar (1., 2. og 3. stigs þjónusta). Þjónustupörf þessara barna er flókin sem kallar á góða fagþekkingu þeirra sem þeim sinna. Það er afar brýnt að hugað verði vel að því hvernig stutt verði við skóla- og frístundastarf í áframhaldandi vinnu og þróun úrræða fyrir börn með fjölþættan vanda.



Reykjavíkurborg

Ákjósanlegt væri að sjá til dæmis útfærslu þess efnis að börnum væri fylgt eftir í skóla- og frístundastarfi af fagfólki þeirra úrræða sem börnin væru að fá þjónustu frá. Með því móti gæti fagþekking og vinnulag þeirra fagmanna sem munu starfa í sérúrræðunum yfirfærast í almennt skóla- og frístundastarf. Þannig væri hægt að byggja upp frekari sérþekkingu en jafnframt auka forvarnir með því móti að fagfólk í almennu skóla- og frístundastarfi væri betur í stakk búið að mæta ólíkum þörfum barna.

Virðingarfyllst,

Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs